

anda kr. 300.000 auk 4.5% dráttarvaxta á mánuði frá 1. nóvember 1979 til greiðsludags.

Lögmaður stefnda gerir þá kröfu í greinagerð sinni, dómskjali nr. 4, að löghaldið, sem gert var í 41 á og 13 kúm stefnda, verði dæmt ógilt. Þessi krafa er óraunhæf. Hefði lögmaðurinn raunverulega óskað eftir ógildingu löghaldsins, átti hann að gera kröfu um, að dómari viki sæti, því hann væri óhæfur, sem hann í raun og veru er að dæma um aðgerðir fógeta við löghaldið. Hvort löghaldið stenst ströngustu gagnrýni skeleggs dómars, skal ósagt látið, en dómari sá, er með málið fer, getur eðli málsins samkvæmt ekki ógilt löghaldið. Það verður því að standa óhaggað og er staðfest hér með. Stefnandi gerir kröfu um málskostnað, fallast verður á þá kröfu, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 1.308.000.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Jón Konráðsson bóndi, Lækjarhvammi, greiði stefnanda, Sigurgeiri Jónatanssýni, Bergstaðarstræti 28, Reykjavík, kr. 3.485.000. Þá greiði stefndi dráttarvexti af þessari upphæð frá 1. nóvember 1979, 4.5% á mánuði til greiðsludags. Stefnandi greiði stefnanda í málskostnað kr. 1.308.000. Allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum. Þá er staðfest löghald, er gert var 1. nóvember 1979 í eignum stefnda.

Miðvikudaginn 20. apríl 1983.

Nr. 140/1981. **Jón Konráðsson**

(Ásmundur S. Jóhannsson hdl.)

gegn

Hafdísi Sigurgeirsdóttur

(Agnar Gústafsson hrl.).

Leigupeningur. Leigur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Gaukur Jörundsson og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 29. júní 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. sama mánaðar. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefndu í héraði og málskostnaðar úr hennar hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst hann þess, að fellt verði úr gildi löghald það, sem lagt var á tiltekinn fjölda búfjár í eigu áfrýjanda í fógetrétti Húnavatnssýslu 1. nóvember 1979.

Stefnda krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti. Til vara gerir stefnda þær dómkröfur, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða henni lægri fjárhæð ásamt vöxtum og málskostnaði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda hefur hér fyrir dómi fallist á þá kröfu áfrýjanda, að framangreint löghald verði fellt úr gildi.

Faðir stefndu, Sigurgeir Jónatansson, leigði áfrýjanda jörðina Skeggjastaði ásamt Giljalandi frá fardögum 1973 að telja. Er það nánar rakið í dómi Hæstaréttar í hæstaréttarmálinu nr. 1/1981, en dómur þessi var kveðinn upp í dag. Auk þess fjár, sem áfrýjandi tók við og var í eigu Sigurgeirs, fékk hann afhentar 16 ær, sem voru eign stefndu í máli þessu.

Áfrýjanda bar að standa stefndu skil á umræddum ám. Stefnda telur hverja á hafa verið 220.00 króna virði, og hefur þeirri verðlagningu eigi verið hnekk.

Samkvæmt gögnum þessa máls og hæstaréttarmálsins nr. 1/1981 hefur áfrýjandi ekki sýnt fram á skil á fé eða andvirði fjár umfram þau skil, sem samkvæmt gögnum máls og málf lutningi aðilja var rétt að láta koma til frádráttar kröfum föður stefndu á hendur áfrýjanda samkvæmt dómi Hæstaréttar í nefndu hæstaréttarmáli.

Eigi var áfrýjanda rétt að ganga út frá því, að hann fengi afnot umræddra áa stefndu endurgjaldslaust, þótt eigi væri samið um leiguna. Þá er ósannað, að ærnar hafi ekki allar verið leigufærar. Stefnda hefur krafist áfrýjanda um 1.138.00 krónur í leigu, og er þeirri fjárhæð ekki mótmælt tölulega. Ekki verður fallist á, að til frádráttar eigi að koma andvirði þriggja lamba, sem lögð voru inn á reikning stefndu haustið 1973.

Úrslit máls þessa verða því þau, að dæma ber áfrýjanda til að greiða stefndu samtals 4.658.00 krónur með vöxtum frá 13. nóvember 1979, eins og nánar greinir í dómsorði, svo og 8.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fella ber fyrrgreint lögald úr gildi. Héraðsdómari var ekki vanhæfur til að fjalla um gildi lögaldsins, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 18/1949.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Jón Konráðsson, greiði stefndu, Hafðísi Sigurgeirsdóttur, 4.658.00 krónur með 39.5% ársvöxtum frá 13. nóvember 1979 til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóm Hæstaréttar og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Áfrýjandi greiði stefndu 8.000.00 krónur í málskostnað, samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Framangreint lögald er úr gildi fellt.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómbings Húnavatnssýslu 16. desember 1980.

Mál þetta er höfðað með stefnu, útgefinni 2. nóvember 1979 og þingfest 11. sama mánaðar, af Hafðísi Sigurgeirsdóttur, Vesturbergi 26, Reykjavík, á hendur Jóni Konráðssyni bónda Lækjarhvammi, Kirkjuhvammshreppi, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 465.800 með 4½% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. nóvember 1979 til greiðsludags. Þá er krafist staðfestingar á lögaldi, sem fram fór hinn 1. nóvember 1979 í fógetarétti Húnavatnssýslu og gert var í 41 á og 13 kúm til tryggingar skuldinni. Þá er krafist málskostnaðar, þar á meðal lögaldskostnaðar, að skaðlausu samkv. taxta LMFÍ.

Lögmaður stefnda gerir þær kröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu, lögaldið hinn 1. nóvember 1979, sem gert var í 41 kind og 13 kúm, verði fellt niður og stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað.

Mál þetta er í nánnum tengslum við annað mál, sem faðir stefnanda, Sigurgeir Jónatansson, höfðaði samtímis á hendur stefnda út af viðskiptum

þeirra vegna leigu stefnda á jörðinni Skeggjastöðum, eftirgjaldi eftir þá jörð svo og leiguer og fleira.

Að ósk lögmannna aðilja var viðhafður skriflegur málflutningur í máli þessu.

Málavextir eru þessir: Þegar stefndi flutti að Skeggjastöðum vorið 1973, voru þar fyrir nokkrar ær, 16 að tölu, er stefnandi átti. Þá um haustið tók stefndi þessar ær á leigu, án þess þó að gengið hafi verið skriflega frá leigusamningi.

Segja má, að öll viðskipti þessara aðilja hafi verið nokkuð ruglingsleg. Stefndi telur sig hafa lagt inn tvö lömb á nafn stefnanda haustið 1973, og viðurkennir stefnandi það, en telur sig hafa leigt ærnar frá hausti 1973, þannig að þessi lömb komi ekki með í reikninginn. Eins og áður segir, er þetta mál rekið í nánum tengslum við annað mál milli föður stefnanda og stefnda. Lögmaður stefnanda segir í sókn sinni, að öll innlegg, sem stefndi hafi gert, hafi verið tekin til greina í viðskiptum þeirra, þ. e. föður stefnanda, Sigurgeirs Jónatanssonar, og stefnda. Þess vegna hafi stefndi engar greiðslur innt af hendi til stefnanda. Ekki verður annað séð en þetta sé rétt hjá lögmanni stefnanda. Þá vill stefndi halda því fram, að ærnar hafi verið orðnar gamlar, er hann tók við þeim, og 3 drepist strax. Í skjali, sem lagt var fram í þessu áður tilvitnaða máli, kom fram, að aldur ána var misjafn. Fyrri ábúandi á Skeggjastöðum var fjárglöggu og hélt ærbók, hann segir svo í hinu tilvitnaða skjali: „Kindurnar, sem ég afhenti Jóni Konráðssyni, voru 16 og svo þessar 2, sem Hafdís átti sjálf, golsótt og botnótt. Aldur á þeim var sem hér segir, 4 tveggja vetra, 3 fjöggra vetra, 5 sex vetra, 4 átta vetra.“ Þetta skjal var lagt fram í áður áminnstu máli sem nr. 33 í þinghaldi í málinu 13. júlí sl. Lögmaður stefnda mótmælti skjalinu sem röngu, hvað varðar aldur ána, en ekki sem óstaðfestu.

Viðurkennt er, að stefndi tók við þessum 16 ám. Óljóst er um aldurinn, en líkur benda til þess, að þær hafi verið yngdar upp af fyrra ábúanda og hafi því átt að skila einhverjum arði. Stefndi gerði þá grein fyrir kröfunni, að ærnar væru reiknaðar samkvæmt mati Búnaðarfélags Íslands, kr. 22.000, hver ær, en leigan reiknuð sem innlénsvextir af verðmæti 16 áa miðað við skattmat og vexti hverju sinni.

Ekki verður annað séð en þessari kröfu sé líklegt stillt, og verður hún því viðurkennd. Þá verða viðurkenndir dráttavæðingir af þessari upphæð frá 1. nóvember 1979, 4½% til greiðsludags.

Lögmaður stefnanda gerir þá kröfu, að löghald það, sem fram fór 1. nóvember 1979 í eignum stefnda, 41 á og 13 kúm, verði staðfest. Hins vegar krefst lögmaður stefnda niðurfellingar á því löghaldi. Þessi krafa lögmanns stefnda er óraunhæf. Hefði lögmaðurinn raunverulega óskað eftir ógildingum löghaldsins, átti hann að gera kröfu um, að dómariinn viki sæti, því hann

væri óhæfur, sem hann í raum og veru er að dæma um aðgerðir fógeta við löghaldið. Hvort löghaldið stenst ströngustu gagnrýni skeleggs dómara, skal ósagt, en dómari sá, er með málið fer, getur eðli málsins samkvæmt ekki ógilt löghaldið. Það verður því að standa óhaggað, og er það hér með staðfest.

Stefnandi gerir kröfu um málskostnað, og fallast verður á þá kröfu. Málskostnaður er aðeins tekinn fyrir að flytja málið, en ekkert tillit tekið til annars kostnaðar, svo sem ferðлага, dagpeninga eða þess háttar, þar sem það hefur allt veri gert í máli föður stefnanda, Sigurgeirs Jónatanssonar, gegn stefnda, sem áður hefur verið minnst á.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 225.000.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Jón Konráðsson bóndi, Lækjarhvammi, Kirkjuhvamms-
hreppi, greiði stefnanda, Hafðisi Sigurgeirsdóttur, Vesturbergi 26,
Reykjavík, kr. 465.800. Þá greiði hann dráttarvexti af þessari upphæð
frá 1. nóvember 1979 til greiðsludags, $4\frac{1}{2}\%$ á mánuði eða broti úr mánu-
ði. Löghald, er fram fór í eignum stefnda 1. nóvember 1979, staðfest-
ist hér með.

Þá greiði stefndi stefnanda kr. 225.000 í málskostnað. Allt innan
15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri adfór að lögum.

Miðvikudaginn 20. apríl 1983.

Nr. 45/1981. **Sigurbjörn Björnsson**

(Hákon Árnason hrl.)

gegn

Hrönn Ágústsdóttur

og gagnsök

(Jón Hjaltason hrl.).

Óvígð sambúð. Kaupkrafa. Endurgreiðslukrafa. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ár-
mann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Sigurgeir Jónsson og Guð-
mundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.